

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Ásgarður, L223398.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir Ásgarð, L223398, á svæði Fannborgar í Kerlingarfjöllum. Breytingin felur í sér að byggingarreitur B færist fjær hliðinni til austurs og er aðlagður að vatnshelgunarlínu á vesturhlið. Við það verður suðurhlið reitsins bogadregin sam-síða vatnshelgunarlínu. Heildarstærð byggingarreits B helst óbreytt sem og allir skilmálar bygginga.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. maí 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. maí 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. maí 2021